

**Nr. 016 / 13 Jón Vídalín VE 82*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 1275  
*Smíðaður:* Muroran Japan 1972, stál  
*Stærð:* 548,4 brl. 808,8 bt.  
*Mesta lengd:* 55,82 m *Skráð lengd:* 51,45 m  
*Breidd:* 9,5 m *Dýpt:* 6,5 m  
*Vél:* Niigata 1691kW, 1986  
*Fjöldi skipverja:* 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

*Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 27. nóvember 2012 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á SV miðum. Veður: SA 10 m/s.

Skipverji vann við að slægja fisk á vinnslupilfari þegar hann skar sig illa í vinstri þumal þannig að sauma þurfti fimm spor og varð hann óvinnufær.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði var að stála eins og margoft er gert við þessa vinnu. Hann er réttthentur og hélt því á stálinu í vinstri hendi við brýningarnar. Í einni sveiflunni missti hann stálið úr hendinni svo hnífurinn fékk ekkert viðnám og fór viðstöðulaust niður í þumalfingurinn og skarst niður í aflsin;
- að sögn slasaða hafði verið mikil veiði af smá ufsa og var hann orðinn mjög þreyttur og afllítill í vinstri hendinni sem bæði sótti fiskinn inn á aðgerðarborðið og hélt um hann við slæginguna;
- að Fiskistofa skráði löndun þann 24. nóvember og svo aftur 28. nóvember og var í það skipti landað 102 tonnum að slægðum ufsa auk annars afla, sem að mestu hefur ekki þurft að slægja, eða samtals 110 tonn;
- að engin slægingarvél er í skipinu.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.